

Bjarni Þórðarson
tryggingastærðfræðingur
Miðvangi 7
220 Hafnarfirði

Alþingi
Erlendi nr. Þ 116 11362
AFRIT komudagur 16/14 1993

Hafnarfirði, 08.02.1993

Til allsherjarnefndar Alþingis.

**Athugasemdir við athugasemdir Jóns Erlings Þorlákssonar,
tryggingafræðings, við frumvarp til skaðabótalaga.**

Hinn 3. þ.m. barst mér í hendur plagg sem ber titilinn "Athugasemdir við frumvarp til skaðabótalaga", en höfundur þess er Jón Erlingur Þorlákssonar, tryggingafræðingur, hér eftir nefndur JEP. Orðaval ritsmíðar þessarar að því er varðar höfund frumvarpsins er þannig að undrun sætir. Ég sé mig því knúinn til þess að gera athugasemdir við hana. Full ástæða væri til að fjalla um einstök efnisatriði athugasemda JEP, enda gætir þar mikils misskilnings og framsetning er vægast sagt ruglingsleg. Hér verður þó einungis vikið að fáum efnisatriðum þar sem stóryrði og sleggjudómar keyra úr hófi í garð Arnljóts Björnssonar, prófessors.

Á 2. síðu athugasemdanna segir JEP: "*Enginn efast um hæfni Arnljóts, En hann var lítt kunnugur bótagreiðslum fyrir líkamstjón. Efnioð er flókið og erfitt viðfangs.*" Síðar á sömu síðu segir JEP: "*Mesta yfirsjón Arnljóts álit ég vera þá að hann leitaði ekki álits hjá þeim sem betur þekktu til*". Ekki nefnir JEP til sögu þá sem hann telur betur þekkja til en hugsanlega er það af hógværd. Ég leyfi mér að fullyrða að enginn hérlendur maður hefur meiri þekkingu á skaðabótarétti en Arnljótur og enginn þekkir betur til íslenzks skaðabótaréttar en hann. Ég sé ekki ástæðu til þess að rekja náms- og starfsferil Arnljóts hér.

Á 5. síðu segir JEP: "*Höfundur frumvarpsins aðhyllist ekki fastgengisstefnu, heldur leggur hann til að tekið sé upp nokkurs konar "flotgengi" í mati læknisfræðilegrar örorku.*" JEP virðist hér vera að hnýta í þá skoðun AB að við sérstakar aðstæður sé eðlilegt að víkja frá föstu töflumati á miskastigi. En hvað segir JEP sjálfur í niðurstöðu sinni á bls. 14: "*Ég hef mikla samúð með skoðun minnihluta dönsku skaðabótanefndarinnar, sem taldi að engin eða nánast engin frávik staðalbótum skyldu leyfð. En þó hallast ég að því að ekki verði komist hjá því að heimila undantekningar þegar bersýnilegt virðist að slasaði hafi orðið fyrir meira (eða minna) tjóni en almennt gerist við svipaðan áverka.*" Það var nú það!

Svo virðist sem JEP hafi misskilið dönsku lögin hrapallega samanber það sem hann segir á 7. síðu: "*Mér sýnist að höfundur frumvarpsins hafi ruglað sjálfan sig með hinni ógætilegu orðanotkun þegar hann kallar hvort tveggja örorkumat, læknisfræðilega örorkumatið og hið fyrirhugaða fjárhagslega mat. Þess vegna talar hann um að grundvelli örorkumats sé gerbreytt. Sama ruglings*

gætir á bls. 12. Þar segir: "Annars staðar á Norðurlöndum hefur verið horfið frá læknisfræðilegu örorkumati þegar fjártjón er metið". Þetta stenst ekki þegar af þeirri ástæðu að skv. dönsku lögnum, sem höfundur notar sem fyrirmynd við gerð frumvarpsins, er læknisfræðilegt örorkumat, þar kallað "méngrad", lagt til grundvallar við uppgjör allra tjóna, en í sumum tilvikum kemur einnig til mat á "forringelse af erhvervsevnen"". Svo mörg eru þau orð en þau leiða einfaldlega í ljós að JEP áttar sig ekki á því grundvallaratriði frumvarpsins, sem felst í 5. grein frumvarpsins. Þar kemur skýrt fram að taka skuli upp mat á örorku sem fer eftir allt öðrum reglum en hingað til hefur verið notað við ákvörðun bóta. Þetta er í fullu samræmi við ákvæði 5. greinar dönsku laganna, en svonefnd "méngrad" er einvörðungu notað við ákvörðun bóta vegna "varigt mén", sem er miski samkvæmt frumvarpinu, og svo þegar hinn slasaði hafði ekki tekjur fyrir slysið, sem hægt er að leggja til grundvallar ákvörðun bóta vegna örorku.

Neðar á 7. síðu fjallar JEP um það ákvæði frumvarpsins sem segir að lækka skuli bætur vegna miska ef tjónþoli var 60 ára eða eldri (2. mgr. 4. gr. frumvarpsins). Skýrir JEP það sem segir í athugasemdum um frumvarpið "Ákvæði 2. mgr. þarfnast ekki skýringa", þannig: "Þögn höfundar um þetta grundvallaratriði hygg ég stafa af því að hann hefur þýtt ákvæðið úr dönsku en ekki fundið nein skynsamleg rök fyrir því, sem ekki var von." Áður var JEP búinn að segja: "Ég tel ákvæðið rangt og skýri það þannig: Að vísu býr sá sem yngri er að jafnaði lengur við áverka sem hann fær. En á móti kemur að aðlögunarhæfnin minnkar með aldrinum. Það verður almennt ekki minna áfall fyrir 70 ára mann að missa fingurinn heldur en 10 ára barn, nema síður sé. Þess vegna er eðlilegast og sanngjarnast að sama reglan gildi um alla". Ég legg það í dóm nefndarmanna að meta þessa fullyrðingu JEP. Við getum líka hugað að því tilviki, að báðir hefðu orðið fyrir þeirri ógæfu að verða bundnir við hjólastól það sem eftir er ævinnar.

Á 11. síðu segir JEP: "Hið svokallaða fjárhagslega örorkumat er nánast blekking, skynvilla eða meinloka. Ég tel dæmin að framan sýna það. Þegar höfundur frumvarpsins segir, fullur trúnaðartrausts, að fjárhagslegt örorkumat sé "raunhæft fjárhagslegt mat á þeim áhrifum sem líkamstjón hefur á hæfi hins slasaða til að afla sér tekna með vinnu", þá byggist trú hans einfaldlega á því að hann veit ekki hvað hann er að tala um." Hér reiðir JEP hátt til höggs en ég sé ekki betur en höggið hitti hann sjálfan fyrir. Við skulum ekki líta lengra en til Norðurlandanna, en þar eru hin tilvitnuðu orð í greinargerð með frumvarpinu grundvallarregla skaðabótaréttarins. Vissulega er það í mörgum tilvikum vandkvæðum bundið að meta varanlega örorku en almennt er þetta ekki talið vandamál og engum dettur í hug að breyta þessari grundvallarreglu skaðabótaréttarins af þeirri ástæðu að matið sé eitthvert vandamál. Ég hefi ekki trú á öðru en að við Íslendingar ráðum einnig við mat á þessum grundvelli.

Ég mun ekki fjalla hér frekar um athugasemdir JEP en er að sjálfsögðu reiðubúinn til þess ef nefndin óskar þess eða gera nánari grein fyrir því sem að framan er rakið.

Virðingarfyllt

